

**Ed.**

**590. Nefndarálit**

[297. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðu fulltrúa dómsmálaráðuneytisins. Einnig hefur nefndin aflað sér upplýsinga um fjölda uppboðsbeiðna hjá einstökum fógetaembættum á landsbyggðinni og uppboð sem þar hafa farið fram. Þær upplýsingar sýna svipaða þróun hvað varðar fjölda uppboðsbeiðna og uppboða eins og þá sem bent er á í athugasemdum með frumvarpinu varðandi höfuðborgarsvæðið. Nefndin telur að frumvarpið leiði til betri framkvæmdar varðandi uppboð og uppboðsbeiðnir og löggjöf sú, sem af því leiðir, hæfi betur þeim aðstæðum sem nú eru í þjóðfélaginu. Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. febr. 1987.

Jón Kristjánsson,  
form., frsm.

Stefán Benediktsson,  
fundaskr.

Salome Þorkelsdóttir.

Eyjólfur Konráð Jónsson.

Valdimar Indriðason.

Helgi Seljan.

Eiður Guðnason.